

## AUGLÝSING

### um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

#### *Snæfríðargata 2-8.*

Breytingin felur í sér að húsagerð R2-n breytist í R1-n, tveggja hæða raðhús verða einnar hæðar.

#### *Vogatunga 56-60 og Laxatunga 102-114.*

Breytingin felst í því að í stað tveggja hæða raðhúsa R-IIID á lóðum að Laxatungu 102-114 komi einnar hæðar raðhús R-ID. Á lóðunum að Vogatungu 56-60 verður heimilað að reisa tveggja hæða raðhús R-IIID í stað einnar hæðar raðhúsa R-ID. Byggingarreitur er stækkaður til norðurs og suðurs um 2 metra og um 2,5 metra til austurs og vesturs. Samanlögð stækkun er 550 fm.

#### *Miðsvæði, Gerplustræti 14, Helgafellsskóli.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu á lóðinni að Gerplustræti 14, grunn- og leikskólalóð, einnig merkt S-I-III-B í deiliskipulagi. Breytingin felur í sér að felldur er út byggingarreitur fyrir einnar hæðar færanlega kennslustofu á austurhluta lóðarinnar, merkt S-I-C. Einnig er felld út aðkoma að kennslustofunum ásamt 12 bifreiðastæðum. Bundinni byggingarlínu er breytt í hefðbundna byggingarlínu á vesturhlíð reits og á norðurhlíð er bundin byggingarlína framlengd eftir allri hlíðinni. Samhliða því er kennileiti fært austar á byggingarreit og verður einnar hæðar séð frá Gerplustræti. Við bætist byggingarreitur að bílastæðum neðanjarðar fyrir tæknirými. Byggingarreitur skólans merktur S-I-II-B er stækkaður úr 7.152 fm í 11.600 fm. Leyfilegt nýtingarhlutfall verður 0,6. Leyfilegt verður að staðsetja færanlegar kennslustofur innan byggingarreits. Samsíða bílastæðum á norðurhlíð lóðar við Gerplustræti er fækkað úr 25 í 21, þar af tvö fyrir hreyfihamlaða og eitt sleppi-stæði. Stæðum á vesturhlíð lóðar fjölga úr 8 í 18 stæði. Lóðarmörk eru stækkuð til austurs og bílastæðum breytt úr samsíða stæðum í skásett stæði og fjölda þeirra breytt úr 14 í 26, þar af 4 stæði fyrir hreyfihamlaða. Samhliða þessum breytingum færast gangstétt og gróðurbelti vestar og götu er breytt í einstefnugötu. Gert er ráð fyrir nýju bílastæði á suðurhluta lóðar við Vefarastræti með 29 bílastæðum, þar af tvö stæði fyrir hreyfihamlaða, þar eru einnig þrjú rútustæði, gert er ráð fyrir aðkomu stærri bíla á því stæði. Í greinargerð núverandi deiliskipulags er gert ráð fyrir 80 stæðum en eftir breytingu 97 innan lóðar, almennum stæðum í hverfinu er voru utan skólalóðar fækkar um 19.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 7. febrúar 2017,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2017